

mbl.is/frettir



Innlent | mbl.is | 22.8.2010 | 17:22

Greinilegur eldhnöttur

„Þessi var alveg margfalt stærri en allt það sem ég hef séð og var greinilegur eldhnöttur neðst sem hvarf á nokkrum sekúndum og rákin eftir hann var einnig stór," segir Daníel Freyr Jónsson á Selfossi, sem á leið sinni yfir Hellsheiði um hálféitt í nótt varð vitni að loftsteinahrap.

Hann segist hafa verið akandi á heimleið af Menningarnótt ásamt unnustu sinni. Er þau komu upp brekkuna við Skíðaskálann í Hveradölum „birtist þessi stóri lofsteinn á himninum í austri," eins og Daníel orðar það. „Út úr þessum blossa kom svo löng gulgrá lína sem varð mjög löng og þráðbein niður og hvarf svo á nokkrum sekúndum."



Loftsteinahrap yfir Mexíkó. Rákin sem Daníel Freyr sé yfir Hellsheiði var ekki svo björt og stór.
Reuters

Hann segist oft hafa séð stjörnuhrap, þar sem lítil rák birtist á himni og hverfi um leið, en þetta hafi verið margfalt stærra en allt sem hann hefur áður séð. Daníel segir erfitt að gera sér grein fyrir hvar yfir landinu þetta hafi verið, þar sem þetta hafi gerst svo hátt uppi. Blossinn var a.m.k. í beinni sjónlínu til austurs frá Hveradalabrekkunni.

„Við hrukkum bæði við, enda ekki beint eitthvað sem gerist á hverju kvöldi," segir Daníel Freyr við mbl.is.

Vígahnöttur á ferð

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni hafa fleiri tilkynningar ekki borist um stjörnuhrap á þessum tíma. Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur hefur rætt við Daníel og telur að samkvæmt lýsingu hans hafi um vígahnött verið að ræða.



Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur.
mbl.is/Golli

„Þetta hefur verið stærra en það sem maður myndi kalla stjörnuhrap. Mjög bjartir loftsteinar eru kallaðir vígahnöttir, en nákvæm skilgreining á því hugtaki er ekki til," segir Þorsteinn, sem hefur haldið skrá yfir þá loftsteina sem hafa verið svo áberandi að fólk hafi séð ástæðu til að tilkynna það til fjölmiðla eða Veðurstofunnar.

Á yfirliti sem hann birtir á vef Almanaks Háskólans kemur fram að nokkrir vígahnöttir hafa sést á hverju ári frá Íslandi. „Sumir hafa verið svo bjartir að þeir hafa lýst upp jörð á stóru svæði, og stundum fylgja miklar drunur, en þessi var ekki í þeim flokki þótt bjartur væri," segir Þorsteinn í samtali við mbl.is.

Þorsteinn hvetur þá, sem telja sig hafa séð loftsteinahrap í nótt eða á öðrum tímum, til að hafa samband við Veðurstofu og tilkynna það sem fyrir augu bar. Jafnframt má senda Þorsteini tölvupóst á netfangið halo@raunvis.hi.is.

Líkar þetta

43 manns líkar þetta.

© 2010 Árvakur hf. Öll réttindi áskilin

Slóð: http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/08/22/greinilegur_eldhnottur/

Skoðað: 2010-08-22 19:23

© mbl.is/Árvakur hf